



Viðhorf nemenda í grunnskólum Akureyrar til skólastarfs

Ingólfur Ármannsson
Trausti Þorsteinsson

Akureyri
Mars 2007

Viðhorf nemenda í grunnskólum Akureyrar til skólastarfs

Ingólfur Ármannsson
Trausti Þorsteinsson

Efnisyfirlit:

MEGINNIÐURSTÖÐUR.....	4
MEGINNIÐURSTÖÐUR.....	4
INNGANGUR.....	5
AÐDRAGANDI KÖNNUNARINNAR OG FRAMKVÆMD	6
NIÐURSTÖÐUR	8
4. – 7. bekkur.....	8
Líðan í skólanum	8
Viðhorf nemenda til námsins	8
Nám og námsaðstæður í skólanum	9
Samskipti	10
Þátttaka í félags- og/eða tómstundastarfi í skólanum.....	11
Hrós til nemenda.....	11
8. - 10. bekkur	12
Líðan í skólanum	12
Viðhorf nemenda til náms	13
Námsaðstæður í skólanum	14
Aðstoð og stuðningur skólans við nemendur.....	15
Agi og vinnuaðstaða í skólanum.....	16
Þátttaka í félags- og/eða tómstundastarfi í skólanum.....	18
Einelti í skólanum.....	18
Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd.....	19
Viðhorf foreldra	20
SAMANTEKT	22
Líðan í skólanum	22
Viðhorf nemenda til náms	22
Námsaðstæður í skólanum.....	23
Aðstoð og stuðningur skólans við nemendur.....	23
Agi í skólanum.....	24
Þátttaka í félags- og/eða tómstundastarfi í skólanum.....	24
Einelti í skólanum.....	24
Hrós til nemenda.....	25
Viðhorf foreldra	25
FYLGISKJÖL	26

Töflur

Tafla 1 Líðan nemenda í skólanum.....	8
Tafla 2 Viðhorf nemenda til námsins.....	9
Tafla 3 Nám og námsaðstæður nemendanna í skólanum.....	9
Tafla 4 Samskipti nemenda.....	10
Tafla 5 Líðan nemenda eldri deilda í skólanum.....	12
Tafla 6 Viðhorf nemendanna til námsins.....	13
Tafla 7 Námsaðstæður í skólanum.....	14
Tafla 8 Aðstoð og stuðningur skólans við nemendur	15

Myndir

Mynd 1 Næði til að læra skipt eftir bekkjum.....	10
Mynd 2 Þátttaka í félags- og tómstundastarfi	11
Mynd 3 Hrósi til nemenda	12
Mynd 4 Líðan og ánægja í skólanum.....	13
Mynd 5 Mat á námsefninu í skólanum	14
Mynd 6 Eiga kost á stuðningi og aðstoð, eftir kynjum.....	16
Mynd 7 Agi í bekknum er góður.....	16
Mynd 8 Góður agi í bekknum, skipt eftir kynjum	17
Mynd 9 Góður vinnufriður í bekknum.....	17
Mynd 10 Þátttaka í félags- og/eða tómstundastarfi.....	18
Mynd 11 Einelti í skólanum.....	19
Mynd 12 Nemendur fá hrós, þegar þeir eiga það skilið.....	20
Mynd 13 Áhugi foreldra á samstarfi við skólann	20
Mynd 14 Áhugi foreldra á samstarfi, skipt eftir kynjum	21

Meginniðurstöður

Helstu niðurstöður:

- Almennt virðast nemendur sáttir með skólann sinn.
- Í könnuninni kemur fram að afgerandi meirihluti svarenda er sammála því að námsumhverfið í skólanum sé gott.
- Bæði hjá yngri og eldri nemendum kemur skýrt fram að nemendur hafa mikinn metnað og vilja ná góðum árangri í sínu námi.
- Þegar skoðað er mat nemendanna á aðstoð og stuðningi skólans við nemendur, þá er ljóst að flestallir nemendur telja sig fá stuðning og aðstoð þegar á þarf að halda.
- Flestallir svarenda, eða 89,6% þeirra, eru mjög eða frekar sammála því að þeir hafi jákvætt viðhorf til framhaldsnáms.
- Mikill meirihluti svarenda telur að kennararnir séu duglegir við að hrósa nemendum þegar þeir eigi það skilið.
- Flestir svarenda, eða 78,2% þeirra, eru mjög eða frekar sammála því að foreldrar þeirra hafi áhuga á samstarfi við skólann.
- Námsefnið sem boðið er upp á höfðar ekki nema að hluta til nemendanna. Þetta eru atriði sem alltaf er nauðsynlegt að skólarnir séu vakandi fyrir, bæði að námsefnið sé fjölbreytt og framsetning þess höfði til nemendanna, þó að auðvitað sé hætt við að erfitt reynist að finna æskilegustu verkefni fyrir hvern einstakan nemanda.
- Margir svarenda telja að það sé óþarflega mikið heimanám og það sé ekki nógu vel skipulagt. Með því að koma á ákveðnum samstarfs- og samræmingarreglum milli kennaranna ætti að vera hægt að jafna nokkuð álagið á nemendur vegna heimanámsins.
- Hvað viðkemur næði til að læra þá er það tæplega ásættanlegt að næstum jafnmargir svarenda eru ósammála og þeir sem eru sammála því að gott næði sé til að læra. Ástæða virðist því til að skólastjórnendur og kennarar hugi vel að því hvernig hægt sé að bæta það ástand.
- Almennt virðist ekki vera mikið um einelti í unglingadeildum skólanna en það er hins vegar meira áhyggjuefni ef nemendur upplifa mun meira einelti frá hendi starfsfólks skóla en nemenda og því nauðsynlegt fyrir starfsfólk að skoða þau mál nánar.

Inngangur

Könnun þessi á viðhorfi nemenda í grunnskólunum á Akureyri var framkvæmd í samvinnu Skóladeildar Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Könnunin lýtur í meginatriðum að viðhorfi nemenda til náms og dvalar í skólunum. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur í desember 2006. Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA annaðist úrvinnslu úr svörum og fékk Ingólf Ármannsson, fv. skóla- og menningarfulltrúa Akureyrarbæjar, til þess verks.

Framkvæmd könnunarinnar var í stórum dráttum þannig:

- Könnunin var lögð fyrir alla nemendur í 4.-10. bekk í grunnskólunum. Framsetning spurninga var öðruvísi hjá nemendum í 4.-7. bekk en hjá nemendum í 8.-10. bekk. Sjá fylgiskjal.
- Við könnunina var notað forritið Glerverk og öllum nemendum ætlað að svara spurningunum í tölvuforritinu.
- Hver skóli skipulagði framkvæmd könnunarinnar hjá sér, eftir aðstæðum á hverjum stað.

Helstu niðurstöður úr könnuninni koma fram hér á eftir í þessari skýrslu. Vonast er til að þær geti orðið gagnlegar í þróunar- og umbótastarfi skólamála í bæjarfélaginu.

Akureyri febrúar 2007

Trausti Þorsteinsson
Forstöðumaður
Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri

Aðdragandi könnunarinnar og framkvæmd

Í nýsamþykktri skólastefnu Akureyrarbæjar er greint frá fjórum hornsteinum sem nám í skólum bæjarfélagsins skal hvíla á. Þessir hornsteinar eru þekking, leikni, virðing og vellíðan. Áhersla er lögð á jafnan rétt til náms þar sem fjölbreyttar kennsluáðferðir eru nýttar til að mæta mismunandi þörfum nemenda. Markmið skólanna er að leggja grunn að farsælli framtíð barna og unglinga með faglegu og framsæknu starfi.

Í samræmi við áherslur sem settar eru fram í skólastefnunni hefur skólanefnd Akureyrarbæjar haft frumkvæði að gerð viðhorfskannana í leik- og grunnskólum bæjarfélagsins. Jafnframt var á skólaárinu 2005–2006 unnið að gerð stefnu- og skorkorts á vegum Akureyrarbæjar þar sem voru sett viðmið og mælikvarðar til að meta árangur í rekstri og þjónustu skólanna í bæjarfélaginu. Í stefnukorti skólanefndar 2006 er m.a. að finna eftirfarandi viðmið:

- * Að líðan nemenda í skólunum sé góð.
- * Að nemendum finnist hæfni kennara/starfsfólks góð.
- * Að öflug og markviss stoðþjónusta sé fyrir hendi fyrir skólana.

Í skorkorti er birtur árangursmælikvarði til að meta hversu vel hafi tekist að ná viðmiðum stefnukortsins. Til að meta þjónustu grunnskólanna ákvað skólanefnd að gera könnun meðal nemenda í 4.–10. bekk í grunnskólunum á Akureyri á viðhorfi þeirra til náms og námsaðstæðna. Megintilgangur könnunarinnar er að leita svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu:

Hversu ánægðir eru nemendur með nám sitt í grunnskólanum og námsaðstæður sínar?

Árið 2003 var sambærileg könnun gerð á viðhorfum nemenda en þar sem könnunin sem var lögð fyrir nú í desember 2006 er byggð nokkuð öðruvísi upp en fyrri könnunin, þá er aðeins í fáum tilvikum hægt að bera svörin saman.

Til að auðvelda framkvæmdina var notað könnunarforritið Glerverk, sem reynst hefur vel í hliðstæðum könnunum. Glerverk er forrit sem býður upp á að geyma spurningalista og þátttakendur geta svarað honum beint inn í forritið. Hver skóli sá um framkvæmd könnunarinnar meðal sinna nemenda. Könnunin fór fram í desember 2006 og var svörunum safnað saman í eina skrá. Í spurningalistanum voru ýmsar bakgrunnsbreytur svo hægt væri að greina svörun nánar, þar sem ástæða þætti til, bæði eftir aldri og kyni nemenda. Spurningarnar voru settar fram í formi fullyrðinga sem óskað var eftir að nemendur tækju afstöðu til. Í 8.–10. bekk svöruðu nemendur því hversu sammála þeir væru tiltekinni fullyrðingu á fimm stiga svarkvarða (*mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála eða mjög ósammála*). Jafnframt var spurt nokkurra spurninga þar sem nemendur voru beðnir að svara með því að merkja við *oft, stundum eða aldrei*. Nemendur í 4.–7. bekk voru beðnir að taka afstöðu til fullyrðinga á þriggja stiga kvarða, „*sammála, veit ekki, ósammála*”.

Úrvinnsla könnunarinnar var síðan í höndum skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA þar sem beitt var lýsandi aðferðum á tölulegar niðurstöður svara. Úrvinnslan miðaðist við að fá fram heildarniðurstöður fyrir alla skólana á Akureyri. Hver skóli getur jafnframt fengið aðgang að niðurstöðum úr sínum skóla til samanburðar við heildarniðurstöður eftir því sem þeim finnst ástæða til.

Niðurstöður

Í könnuninni tóku þátt 862 nemendur í 4.–7. bekk af 990 eða 87% og 667 nemendur í 8.–10. bekk af 785 eða 85% skráðra nemenda, þannig að könnunin er vel marktæk. Í úrvinnslu eru dregin saman svör við spurningum sem eru efnislega tengdar. Unnið er sérstaklega úr könnuninni hjá nemendum í 4.–7. bekk og sérstaklega úr svörum nemenda í 8.–10. bekk.

4. – 7. bekkur

Í spurningalista sem lagður var fyrir nemendur í 4.–7. bekk var stuðst við þriggja stiga kvarða (sammála, veit ekki, ósammála). Leitað var svara við spurningum er vörðuðu líðan í skóla, viðhorf til náms, nám og námsaðstæður, samskipti, þátttöku í félags- og tómstundastarfi í skóla og hrós. Hér verður gerð grein fyrir meginniðurstöðum úr könnuninni.

Líðan í skólanum

Í könnuninni voru tvær spurningar þar sem nemendur voru spurðir úr í líðan þeirra í skólanum og hvort þeir ættu vini í skólanum (Tafla 1).

Tafla 1 Líðan nemenda í skólanum

	Sammála	Veit ekki	Ósammála
<i>Mér líður vel í skólanum:</i>	71,8%	23,7%	4,5%
<i>Ég á góða vini í skólanum:</i>	86,5%	11,7%	1,7%
<i>Meðaltal:</i>	79,2%	17,7%	3,1%

Eins og sjá má í töflu 1 er fjöldi þeirra nemenda sem eru sammála því að þeim líði vel og/eða eigi góða vini í skólanum tæp 80% en að auki eru 18% sem svara „veit ekki“. Umhugsunarvert er að fast að fjórðungur nemenda sem svarar segist ekki vita hvort þeim líði vel eða ekki og tæp 5% eru ósammála því að þeim líði vel. Nemendur eru hins vegar almennt á því að þeir eigi góða vini í skólanum (87%) þó tæp 12% þeirra segist ekki vita það.

Viðhorf nemenda til námsins

Spurt var þriggja spurninga er vörðuðu viðhorf nemenda til námsins í skólanum. Leitað var afstöðu nemenda til þess hversu sammála þeir væru því að þeir vildu ná góðum árangri í náminu, að þeir hefðu áhuga á flestu því ssem kennt væri í skólanum og að þeir gætu gert það sem þeir ættu að gera (Tafla 2).

Tafla 2 Viðhorf nemenda til námsins

	Sammála	Veit ekki	Ósammála
<i>Vil ná góðum árangri í náminu:</i>	93,8%	5,7%	0,5%
<i>Hef áhuga á flestu sem er kennt :</i>	54,4%	37,5%	8,1%
<i>Get gert það sem ég á að gera:</i>	73,0%	24,1%	2,9%
Meðaltal:	73,7%	22,4%	3,8%

Í töflu 2 má sjá að nemendur virðast hafa metnað fyrir námi sínu. Langflestir vilja ná góðum árangri í náminu því aðeins tæp 6% geta ekki gert það upp við sig hvort þeir eru sammála því eða ekki og einungis 0,5% er ósammála. Þetta hlutfall breytist nokkuð þegar nemendur eru spurðir hvort þeir hafi áhuga á flestu því sem kennt er. Aðeins 54% nemenda játar því en 38% getur ekki gert það upp við sig. Nemendur virðast þó þeirrar skoðunar að þeir ráði við það sem þeir eiga að gera því 73% er sammála en tæpur fjórðungur er ekki viss.

Nám og námsaðstæður í skólanum

Fimm spurningar í könnuninni vörðuðu nám og námsaðstæður í skólanum. Í spurningalista var spurt hversu sammála eða ósammála þeir voru því að gott nærði væri til að læra í kennslustundum, að þeir fái hjálp í tímum þegar þeir þurfi, að þeim finnst þeir vinna vel í skólanum, að þeir vinni verkefni með öðrum nemendum og að heimanámið sé mátulegt (Tafla 3).


Tafla 3 Nám og námsaðstæður nemendanna í skólanum

	Sammála	Veit ekki	Ósammála
<i>Gott næði til að læra í kennslustundum</i>	27,1%	49,1%	23,7%
<i>Fæ hjálp í tímum þegar ég þarf</i>	83,1%	12,9%	4,0%
<i>Finnst ég vinna vel í skólanum</i>	69,6%	27,6%	2,8%
<i>Vinn verkefni með öðrum nemendum.</i>	69,7%	24,2%	6,1%
<i>Heimanámið er mátulegt</i>	57,5%	23,9%	18,6%
Meðaltal:	61,4%	27,6%	11,0%

Í svörunum kemur fram að nemendum finnst þeir ekki hafa gott næði til að læra í kennslustundum en almennt virðast þeir sammála því að þeir fái hjálp í tímum þegar þeir þurfi á að halda. Um 70% nemenda segir að þeim finnst þeir vinna vel í skólanum og jafnhátt hlutfall segir að þeir vinni verkefni með öðrum. Um og yfir fjórðungur nemenda segist ekki vita hvort þeir vinni vel í skólanum eða hvort þeir vinni verkefni með öðrum nemendum. Í töflunni má sjá að nemendur virðast ekki fyllilega ánægðir með heimanámið. Liðlega helmingur nemenda segist sammála því að það sé mátulegt og í skriflegum athugasemdum nemenda kemur fram hjá allmörgum þeirra að þeim finnst að þau séu send heim með óþarflega mikið heimanám og það sé ekki nógu vel skipulagt.

Þegar svörin við fyrstu spurningunni voru skoðuð eftir kynjum kom í ljós að ekki er marktækur munur á afstöðu nemenda eftir kynjum, þó að strákar virðist

frekar sáttari við að það sé gott næði til að læra. Hugsanlegt er að þolstuðull þeirra gagnvart truflunum sé eitthvað hærri en hjá stelpunum. Á sama hátt er ekki mikill munur á afstöðu til þessa með tilliti til bekkja (Mynd 1).



Mynd 1 Næði til að læra skipt eftir bekkjum

Á mynd 1 má sjá að ekki er mikill munur eftir bekkjum á fjölda svarenda sem eru ósammála því að gott næði sé til að læra en þeir sem eru sammála eru hlutfallslega fleiri í 4. bekk en í hinum bekkjunum.

Samskipti

Í könnuninni var spurt fimm spurninga er vörðuðu samskipti nemenda við aðra nemendur, við kennara og annað starfsfólk. Spurt var um hversu sammála eða ósammála viðkomandi væri því að samskipti hans við aðra nemendur væru góð, samskipti hans við kennara væru góð, kennararnir bregðist fljótt við einelti, að viðkomandi talaði við umsjónarkennara ef eitthvað væri að og að viðkomandi talaði við annað starfsfólk ef eitthvað væri að (Tafla 4).

Tafla 4 Samskipti nemenda


	Sammála	Veit ekki	Ósammála
<i>Samskipti við aðra nemendur eru góð</i>	75,2%	20,9%	3,8%
<i>Samskipti mín við kennara eru góð</i>	81,9%	15,3%	2,8%
<i>Kennararnir bregðast fljótt við einelti</i>	65,4%	29,0%	5,6%
<i>Tala við umsjónark. ef eitthvað er að</i>	70,8%	20,8%	8,4%
<i>Tala við annað starfsfólk ef eitthvað er að</i>	53,3%	34,7%	12,0%
<i>Samtals:</i>	69,3%	24,2%	6,5%

Í töflu 4 kemur fram að samskipti við kennara eru almennt góð. Svipað á við um samskipti nemenda í milli þótt hlutfallslega færri nemendur svari því að svo sé. Nemendur virðast telja kennara bregðast fljótt við einelti en sjálfsagt þarf ekki að koma á óvart að hátt hlutfall nemenda segist ekki vita hvort svo sé því einelti er ekki endilega eitthvað sem allir nemendur rekast á í skólum sínum. Eitthvað virðist þó vera um að einelti eigi sér stað í skólum því 6% nemenda segjast ósammála því að nægilega fljótt sé brugðist við. Um 70% nemenda segist tala við umsjónarkennara ef eitthvað er að en liðlega 8% segist því ósammála. Mun lægra hlutfall nemenda segist

tala við annað starfsfólk ef eitthvað er að eða liðlega helmingur og 12% segist því ósammála.

Þátttaka í félags- og/eða tómstundastarfi í skólanum

Nemendur voru spurðir að því hvort þeir tækju þátt í félagsstarfi og/eða tómstundastarfi á vegum skólans (Mynd 2).




Mynd 2 Þátttaka í félags- og tómstundastarfi

Á mynd 2 kemur m.a. fram að 29% svarenda merkir við „veit ekki“, hugsanlega vegna þess að þeir eru ekki vissir um hvað átt er við með fullyrðingunni. Hins vegar segjast tæp 60% nemenda taka þátt en liðlega 12% segja svo ekki vera.

Þegar skoðað var hvort munur var á þátttöku eftir kynjum þá kom í ljós að þar er ekki um marktækan mun að ræða.

Hrós til nemenda

Leitað var eftir afstöðu nemenda til þess hvort þau teldu sig stundum fá hrós frá samnemendum sínum og frá kennurum. Spurt var hversu sammála viðkomandi væri því að hafa fengið hrós frá samnemendum og því að hafa fengið hrós frá kennurum (Mynd 3).



Mynd 3 Hrós til nemenda

Mikill meirhluti svarenda er sammála því að þeir fái stundum hrós frá kennurum en hins vegar virðast samnemendur eitthvað sparari á hrósið, að þeirra mati.

8. - 10. bekkur

Í spurningalista sem lagður var fyrir nemendur í 8.–10. bekk var stuðst við fimm stiga kvarða (mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála og mjög ósammála). Leitað var afstöðu nemenda við fullyrðingum er vörðuðu líðan í skóla, viðhorf til náms, námsaðstæður í skólanum, aðstoð og stuðning skólans við nemendur, aga og vinnuaðstöðu í skólanum, þátttöku í félags- og tómstundastarfi í skóla, einelti í skólanum, uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar og viðhorf foreldra. Hér verður gerð grein fyrir meginniðurstöðum úr svörum nemenda.

Líðan í skólanum

Í könnuninni voru nemendur spurðir um afstöðu sína til skólans, hvort þeir væru ánægðir með skólann, hvort góður andi væri í skólanum og hvort þeir ættu góða vini þar (Tafla 5).


Tafla 5 Líðan nemenda eldri deilda í skólanum

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki samm. né ósamm.	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Ánægja með skólann	30,7%	45,9%	14,8%	7,5%	1,0%
Góður andi í skólanum	32,6%	38,2%	17,2%	6,3%	5,6%
Eiga góða vini í skólanum	71,7%	16,7%	5,4%	2,4%	3,8%
Samtals:	45,0%	33,6%	12,5%	5,4%	3,5%

Eins og fram kemur í töflu 5 þá eru 77% svarenda í unglingsdeildunum mjög eða frekar sammála því að þau séu ánægð með skólann. Nokkru færri, eða 71% eru sammála því að andinn í skólanum sé góður. Þá segjast fast að 90% að þeir eigi góða

vini í skólanum. Nokkuð margir taka ekki afgerandi afstöðu til fyrri tveggja spurninganna en um 10% segjast ósammála því að vera ánægðir með skólann og að þar sé góður andi.

Nemendur voru einnig beðnir um að segja til um hversu oft, stundum eða aldrei þeim þætti gaman í skólanum og hvort þeim líði vel í skólanum (Mynd 4).



Mynd 4 Líðan og ánægja í skólanum

Á mynd 4 sést að 92% nemenda telur að þeim þyki oft eða stundum gaman í skólanum og 95% segir að þeim líði oft eða stundum vel í skólanum. Fjöldi þeirra sem segja að þeim líði aldrei vel í skólanum er nálægt því hlutfalli nemenda sem búast má við að séu í þeim hópi unglinga sem oft er skilgreindur sem áhættuhópur. Ástæður fyrir vanlíðan nemendanna geta verið margvíslegar og ekki alltaf tengdar skólagöngu nemendanna nema að hluta.

Viðhorf nemenda til náms


Leitað var afstöðu nemenda til náms í sínum skóla og framhaldsnáms. Nemendur voru spurðir um hversu sammála eða ósammála þeir væru því að viðhorf þeirra til framhaldsnáms væri jákvætt og að þeir reyndu að standa sig vel í námi (Tafla 6).

Tafla 6 Viðhorf nemendanna til námsins

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki samm. né ósamm.	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Jákvætt viðhorf til framhaldsnáms	55,9%	33,7%	7,2%	1,7%	1,5%
Reyna að standa sig vel í námi	51,5%	37,5%	8,3%	1,7%	1,1%
Meðaltal:	53,7%	35,6%	7,8%	1,7%	1,3%

Í töflu 6 kemur fram að yfirgnæfandi meirihluti nemenda segist reyna að standa sig vel í náminu og jafnframt að þeir hafi jákvætt viðhorf til framhaldsnáms.

Þá var leitað eftir því hvort nemendur teldu sig hafa áhuga á því sem kennt væri í skólanum og hvort þeim finndist námið sér erfitt. Gefnir voru svarmöguleikarnir oft, stundum, aldrei (Mynd 5).



Mynd 5 Mat á námsefni í skólanum

Á mynd 5 kemur fram að flestir nemendur svara stundum við báðum spurningunum, enda viðbúið að mat þeirra á því sé nokkuð mismunandi eftir námsgreinum. Það er þó umhugsunarefni að 8% svarenda telja sig aldrei hafa áhuga á námsefni og 23% segja að námið sé erfitt.

Námsaðstæður í skólanum

Í könnuninni voru sex spurningar er vörðuðu námið í skólanum. Nemendur voru spurðir út í kennsluaðferðir, námsmat, kröfur um árangur, heimanám, samvinnu nemenda og um markmið skólans (Tafla 7).

Tafla 7 Námsaðstæður í skólanum

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki samm. né ósamm.	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Fjölbreyttar kennsluaðferðir	17,9%	39,4%	27,1%	9,4%	6,2%
Fjölbreytt námsmat	20,5%	41,4%	27,4%	6,7%	4,1%
Kröfur skólans um árangur	32,1%	43,6%	17,0%	3,6%	3,6%
Miklar kröfur um heimanám	33,3%	31,3%	19,1%	6,8%	9,4%
Áhersla á samvinnu nemenda	19,3%	40,0%	26,9%	9,2%	4,5%
Markmið skólans séu skýr	19,4%	42,9%	24,8%	8,0%	5,0%
Meðaltal:	23,7%	39,8%	23,7%	7,3%	5,5%

Í töflu 7 sést að afgerandi meirihluti nemenda er sammála því að námsaðstæður í skólanum séu í heild nokkuð góðar. Þó er nálega fjórðungur þeirra sem ekki tekur afgerandi afstöðu. Yfir 75% nemenda segist sammála því að skólinn geri kröfur um að þeir nái góðum árangri í náminu og tiltölulega lítil andstaða er við þá fullyrðingu.

Helst virðast nemendur ósammála því að fjölbreyttum kennsluaðferðum sé beitt (16%) og að áhersla sé lögð á samvinnu nemenda (14%). Þá sýna niðurstöður að nemendur telja kröfur kennara um reglulegt heimanám séu miklar (65%) en 16% eru ósammála því.

Aðstoð og stuðningur skólans við nemendur

Leitað var eftir afstöðu nemenda til fullyrðinga er vörðuðu samskipti nemenda við kennara. Spurt var hversu sammála eða ósammála þau væru því að þau fengju stuðning eða aðstoð innan skólans þegar þau þyrftu á að halda, að kennarar hefðu mikinn metnað fyrir hönd nemenda sinna, að gott væri að leita til umsjónarkennara og að gott væri að leita til annarra kennara (Tafla 8).


Tafla 8 Aðstoð og stuðningur skólans við nemendur

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki samm. né ósamm.	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Fá stuðning og aðstoð þegar þarf	34,6%	37,8%	16,5%	6,0%	5,1%
Mikill metnaður hjá kennurum	31,2%	39,4%	18,4%	5,3%	5,7%
Gott að leita til umsjónarkennara	24,1%	33,4%	23,6%	8,3%	10,6%
Gott að leita til annarra kennara	10,9%	35,3%	32,3%	11,7%	9,8%
Meðaltal:	25,2%	36,5%	22,7%	7,8%	7,8%

Um 60% nemenda hafa jákvæða afstöðu til þessara fjögurra spurninga. Verulegur meirihluti nemenda telur sig fá stuðning og aðstoð þegar á þarf að halda (72%), þó að 11% svarenda séu ósammála því. Þá kemur svipuð afstaða fram gagnvart spurningunni um hvort hvort kennarar hafi mikinn metnað fyrir hönd nemenda sinna.

Þær spurningar sem vekja mesta neikvæðni meðal nemenda varða það hversu gott er að leita til umsjónarkennara eða til annarra kennara. Fast að fimmtungur nemenda er ósammála því að gott sé að leita til umsjónarkennara og þetta hlutfall er heldur hærra gagnvart öðrum kennurum en þar segir innan við helmingur nemenda sig sammála því að gott sé að leita til annarra kennara. Hafa ber í huga að umsjónarkennarar í unglingadeildunum eru yfirleitt faggreinakennarar sem ekki vinna eins mikið með umsjónarþekki sínum eins og gerist í yngri bekkjunum. Þeir hafa því tæpast möguleika á að sinna umhyggjuþættinum með nemendum á sama hátt og hjá yngri deildunum.

Ef svör nemenda á því hvort þau teldu sig eiga kost á stuðningi og aðstoð er skoðuð eftir kynjum má sjá að stúlkur eru fremur jákvæðari en drengir (Mynd 6)




Mynd 6 Eiga kost á stuðningi og aðstoð, eftir kynjum

Á mynd 6 hér að ofan kemur fram að 76% stelpnanna eru mjög eða frekar sammála því að eiga kost á stuðningi og aðstoð þegar á þarf að halda, á móti 70% strákanna, þannig að um marktækan mun er að ræða.

Agi og vinnuaðstaða í skólanum


Leitað var svara við því hversu sammála nemendur væru því að góður agi væri í bekknum þeirra (Mynd 7).



Mynd 7 Agi í bekknum er góður

Af mynd 7 má sjá að liðlega helmingur nemenda sem svarar segist sammála því að góður agi sé í sínum bekk en jafnframt kemur fram að fast að fjórðungur nemenda segist ósammála því.


Ef svörunin er skoðuð með tilliti til kynja má sjá að stúlkur eru frekar á því að agi sé góður (Mynd 8).



Mynd 8 Góður agi í bekknum, skipt eftir kynjum

Á mynd 8 kemur fram að rúmlega fjórðungur strákanna, eða 26% þeirra, eru mjög eða frekar ósammála því að góður agi sé í bekknum, en 19% stelpnanna segir að svo sé.

Þá voru nemendur spurðir að því hvort góður vinnufriður væri í þeirra bekk og beðnir um að svara með því að merkja við oft, stundum eða aldrei (Mynd 9).




Mynd 9 Góður vinnufriður í bekknum

21% svarenda segja að oft sé góður vinnufriður í bekknum og 64% stundum. Hins vegar segja 15% að aldrei sé góður vinnufriður. Þegar þessi svör eru skoðuð eftir kynjum sést að afar lítill munur er á afstöðu kynjanna og getur ekki talist marktækur en sama munstur kemur fram og í spurningunni er varðaði aga í bekknum að heldur herra hlutfall drengja segir að það sé aldrei góður vinnufriður í bekknum.

Þátttaka í félags- og/eða tómstundastarfi í skólanum

Í skólastefnu Akureyrar er áhersla lögð á að nemendum gefist kostur á að taka þátt í félags- og tómstundastarfi í skólanum. Því voru nemendur spurðir hvort þeir tækju oft stundum eða aldrei þátt í því félags- og/eða tómstundastarfi sem skólinn býður upp á (Mynd 10).




Mynd 10 Þátttaka í félags- og/eða tómstundastarfi

Á mynd 10 sést að um þriðjungur nemenda segist oft taka þátt í félags- og tómstundastarfi á vegum skólans og rétt um helmingur segist stundum taka þátt. Tæplega fimmtungur (19%) nemenda segist aldrei taka þátt.

Þegar svörin eru skoðuð eftir kynjum kemur fram að munurinn er hverfandi á afstöðu drengja og stúlkna.

Einelti í skólanum

Í skólastefnu Akureyrar eru þau markmið sett að í skólum bæjarins ríki virðing, umhyggjusemi, vellíðan og gleði og að nemendur læri um eðli og gildi þeirra siðferðisdygða sem sammæli er um í þjóðfélaginu s.s. áreiðanleika, hjálpssemi, heiðarleika, sannsögli, umhyggju og góðvild. Í ljósi þessara markmiða vinna skólar að því að sporna gegn einelti og hvers konar óheilbrigðum samskiptum nemenda. Í könnuninni voru nemendur spurðir um það hvort þeir teldu sig hafa orðið fyrir einelti innan skólans af hálfu samnemenda eða starfsmanna á síðasta ári (Mynd 11).




Mynd 11 Einelti í skólanum

Á myndinni hér að ofan er forvitnilegt að sjá að afar fáir nemendur telja sig oft upplifa einelti af hálfu samnemenda en 14% þeirra segja það gerast stundum. Athyglisvert er að hlutfall þeirra nemenda segir sig oft eða stundum hafa orðið fyrir einelti innan skólans hvort sem er af hálfu samnemenda eða starfsfólks er nánast það sama (17–18%). Tölurnar eru þó ólíkar að því leyti að hlutfall þeirra sem segir sig oft hafa orðið fyrir einelti af hálfu starfsfólks er nær helmingi hærra en hlutfall þeirra sem segist verða fyrir einelti af hálfu samnemenda.

Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd

Eitt af markmiðum Akureyrarbæjar er að nemendur í skólum bæjarfélagsins byggi upp jákvæða sjálfsmynd, læri að tjá tilfinningar sínar, tileinki sér sjálfsaga, efli frumkvæði og örvi sköpunargleði. Hrós til nemenda, ýmist frá kennurum, foreldrum eða samnemendum er liður í jákvæðri uppbyggingu að þessu leyti. Í spurningalista voru nemendur spurðir um hvort þeir fengju hrós fyrir vel unnin störf frá samnemendum, kennurum og foreldrum þegar þeim fyndist þeir eiga það skilið (Mynd 12).




Mynd 12 Nemendur fá hrós, þegar þeir eiga það skilið

Á mynd 12 kemur fram að nemendur telja að foreldrar þeirra séu lang duglegastir við að hrósa þeim þegar þeir eigi það skilið, næst komi kennararnir og síst fái þeir hrós frá samnemendum. Jákvætt er að fast að 90% nemenda telja sig fá oft eða stundum hrós frá kennurum þegar þeim finnst þeir eiga það skilið.


Viðhorf foreldra

Markmið Akureyrarbæjar er að nemendur í skólum bæjarins líti á þátttöku foreldra í námsframvindu sinni sem sjálfsagðan hlut og að gagnkvæmt samstarf ríki á milli heimila og skóla sem byggir á trausti og virðingu. Í könnuninni voru nemendur spurðir að því hvort þeir væru sammála því eða ósammála að foreldrar þeirra sýni samstarfi við skólann áhuga (Mynd 13).



Mynd 13 Áhugi foreldra á samstarfi við skólann

Á mynd 13 sést að flestir nemendur, eða 78% þeirra, eru mjög eða frekar sammála því að foreldrar þeirra hafi áhuga á samstarfi við skólann. Þegar skoðað er hvort munur er á afstöðu til spurningarinnar eftir kynjum kemur fram að hann er óverulegur (Mynd 14).



Mynd 14 Áhugi foreldra á samstarfi, skipt eftir kynjum

Á mynd 14 má sjá að færri strákar eru sammála fullyrðingunni en stelpur og heldur fleiri lýsa sig beinlínis ósammála. Munurinn er ekki mikill, og á mörkunum að vera marktækur.

Samantekt

Með könnun þessari er leitast við að svara þeirri meginspurningu hversu ánægðir nemendur eru með nám sitt í grunnskólanum og námsaðstæður sínar. Í heildina tekið verður ekki annað ráðið af niðurstöðum en að nemendur séu þokkalega ánægðir með flestar ytri aðstæður í grunnskólum Akureyrar. Nemendum virðist líða vel í skólanum, þeir vilja ná árangri í námi og telja að þeir fái aðstoð og stuðning þegar þeir þurfa á að halda. Það sem skólar virðast helst þurfa að beina sjónum að eru aðstæður sem lúta beint að námi og kennslu svo og samskipti nemenda og umsjónarkennara og annars starfsfólks einkum í eldri deildum skólanna. Nemendur virðast kalla eftir aukinni fjölbreytni kennsluaðferða, endurskoðun á heimanámi og meiri festu í bekkjarstjórnun.

Í þessum kafla verður farið nokkrum almennum orðum um niðurstöður könnunarinnar. Fjallað verður um niðurstöður úr svörum yngri nemenda samhliða þeim eldri og þær bornar að niðurstöðum úr eldri könnunum eftir því sem það er samanburðarhæft.

Líðan í skólanum

Almennt virðast nemendur nokkuð sáttir með skólann sinn. Í unglिंगadeildunum eru tæp 77% nemenda sammála því að þau séu ánægð með skólann og í 4.–7. bekk eru tæp 80% svarenda sama sinnis. Auk þess er nokkuð stór hópur eða 14–18% nemenda sem svarar „veit ekki“ eða „hvorki né“. Búast má við að margir þeirra sem svara þannig finnist að stundum líði þeim vel og stundum ekki. En orsakir vanlíðunar þeirra nemenda sem eru ósammála geta verið af mjög mismunandi toga og eiga hugsanlega upptök sín að einhverju leiti utan skólans.

Fram kom að rétt tæp 92% svarenda í unglिंगadeildunum segir að þeim þyki oft eða stundum gaman í skólanum og 95% telur að þeim líði oft eða stundum vel í skólanum. Fjöldi þeirra sem segja að þeim líði aldrei vel í skólanum er nálægt því hlutfalli nemenda sem búast má við að séu í þeim hópi unglinga sem oft er skilgreindur sem áhættuhópur.

Í hliðstæðri könnun frá 2003 kom fram að 88% nemenda sögðust alltaf eða oftast líða vel í skólanum, þannig að útkoman núna virðist nokkru betri. Þó þarf að hafa þann fyrirvara að framsetning fullyrðinganna var ekki nákvæmlega sú sama í báðum könnunum og af þeim sökum má búast við víðari skekkjumörkum í samanburði milli þessara kannana. Einnig var könnunin núna tvískipt, þannig að uppsetning fullyrðinganna var öðruvísi fyrir 4.–7. bekk en fyrir unglिंगadeildirnar og gerir það einnig samanburðinn við könnunina frá 2003 erfiðari, því að þá fengu allir bekkir sömu fullyrðingar til að svara.

Viðhorf nemenda til náms

Bæði hjá yngri og eldri nemendum kemur skýrt fram að nemendur hafa mikinn metnað og vilja ná góðum árangri í sínu námi. Það má hins vegar einnig lesa úr svörunum að námsefnið sem boðið er upp á höfðar ekki til nemendanna nema að hluta, Ástæðan kann að vera sú að áhugasviðum nemenda er ekki nógu vel mætt í því námi sem skólinn býður upp á. Einnig er viðbúið að mat þeirra á því sé nokkuð mismunandi eftir námsgreinum o.fl.

Þetta eru atriði sem alltaf er nauðsynlegt að skólarnir séu vakandi fyrir, bæði að námsefnið sé fjölbreytt og framsetning þess höfði til nemendanna, þó að auðvitað sé hætt við að erfitt reynist að finna æskilegustu verkefni fyrir hvern einstakan nemanda.

Í svörum nemenda unglíngadeildanna kemur fram að flestallir þeirra, eða um 90% þeirra, eru sammála því að þeir hafi jákvætt viðhorf til framhaldsnáms. Þessi niðurstaða er í samræmi við þá þróun að sífellt herra hlutfall þeirra sem útskrifast úr grunnskólunum fer strax í áframhaldandi nám í framhaldsskólunum.

Námsaðstæður í skólanum

Hjá unglíngunum sést að afgerandi meirihluti þeirra er sammála því að námsaðstæður í skólanum sé nokkuð gott. Þó er nálega fjórðungur þeirra sem ekki tekur afgerandi afstöðu. Það virðist helst vera að þeim finnist fjölbreytni kennsluáðferða ábótavant því allstór hópur svarenda, eða 16%, telur að svo sé.

Í svörum yngri nemendanna kemur fram að stór hluti þeirra telur að næði til að læra sé ekki nægjanlegt og þá er nokkur hluti þeirra ósáttur við heimanámið. Hvað viðkemur næði til að læra þá er það tæplega ásættanlegt að næstum jafnmargir svarenda eru ósammála og þeir sem eru sammála því að gott næði sé til að læra. Þegar spurt er beint um næði til að læra hjá unglíngadeildunum eru niðurstöðurnar svipaðar og hjá yngri deildunum, þ.e.a.s. að einungis 21% telja að oft sé gott næði til að læra. Ástæða virðist því til að skólastjórnendur og kennarar hugi vel að því hvernig hægt sé að bæta það ástand.

Varðandi heimanámið virðist allmörgum nemendum yngri bekkjanna að þau séu send heim með óþarflega mikið heimanám og það sé ekki nógu vel skipulagt. Hjá unglíngadeildunum kemur fram að 65% svarenda telja miklar kröfur um heimanám og í textasvörum er einnig ýjað að því, sbr. eftirtaldir tilvitnanir:

- *Mætti vera minna heimanám, krakkarnir eiga sér líka líf eftir skóla!*
- *Gjarnan dreifa heimanáminu meira á vikuna, í staðinn fyrir að fá það alltaf á sama tíma, allt í einu.*
- *Ekki heimalærdóm um helgar!*

Öll samræming á heimanámi er erfiðari í unglíngadeildunum, þar sem faggreina-kennarar kenna yfirleitt aðeins fáa tíma í viku í hverri bekkjardeild, en með því að koma á ákveðnum samstarfs- og samræmingarreglum milli kennaranna ætti að vera hægt að jafna nokkuð álagið á nemendur vegna heimanámsins.

Aðstoð og stuðningur skólans við nemendur

Þegar skoðað er mat nemendanna á aðstoð og stuðningi skólans við nemendur, þá er ljóst að flestallir nemendur telja sig fá stuðning og aðstoð þegar á þarf að halda, þó að 11% svarenda í unglíngadeildunum séu ósammála því.

Þegar svörin við fullyrðingunni um að gott sé að leita til umsjónarkennara eru skoðuð, þá þarf að hafa í huga að umsjónarkennarar í unglíngadeildunum eru yfirleitt faggreinakennarar sem ekki vinna eins mikið með umsjónarbekk sínum eins og gerist í yngri bekkjunum. Þeir hafa því tæpast möguleika á að sinna umhyggjuþættinum með nemendum á sama hátt og hjá yngri deildunum.

Fram kemur að 76% stelpnanna í unglíngadeildunum eru mjög eða frekar sammála því að eiga kost á stuðningi og aðstoð þegar á þarf að halda, á móti 70% strákanum. Þetta þarf þó ekki að vera vísbending um að strákunum sé minna sinnt heldur getur ástæðan allt eins verið mismunandi mat svarenda.

Í yngri bekkjunum kemur fram að einungis um 3% svarenda eru ósammála því að samskipti þeirra við samnemendur og kennara séu góð. Þó að mun fleiri nemendur í unglingadeildunum séu ekki nógu sáttir við samskiptin við kennarana, þá er þó mikill meirihluti svarenda nokkuð sáttur. Kennarar í yngri bekkjum virðast bregðast fljótt við ef grunur vaknar um einelti að mati nemendanna, þó að 6% þeirra séu ekki sammála því. Á því kunna að vera ýmsar skýringar, bæði hvað varðar mat svarenda á því hvað sé einelti og hvort um er að ræða tilvik, þar sem kennarar vita ekki af því sem vitnað er til.

Agi í skólanum

Hjá unglingadeildunum var spurt um það hvort góður agi væri í bekknum. Fram kom að rúmur helmingur svarenda, eða 53%, eru mjög eða frekar sammála því að góður agi sé í bekknum.

Þegar agamálin eru skoðuð eftir kynjum kemur í ljós að rúmlega fjórðungur strákanna er mjög eða frekar ósammála því að góður agi sé í bekknum, en tæpur fimmtungur stelpnanna, þannig að hér er um marktækan mun að ræða.

Þegar borin eru saman svörin við spurningunum um vinnufrið í skólanum annars vegar og agann hins vegar kemur í ljós veruleg fylgni í svörum við þessum spurningum.

Þátttaka í félags- og/eða tómstundastarfi í skólanum

Fram kemur hjá svarendum í unglingadeildunum að 19% þeirra segist aldrei taka þátt í félags- eða tómstundastarfi á vegum skólans. Hjá yngri deildunum eru það ekki nema 12% svarenda sem segjast ekki taka þátt í félags- eða tómstundastarfi á vegum skólans. Áhugavert væri að kanna hvort þessir nemendur taka þátt í starfi æskulýðs- eða íþróttafélaga í staðinn eða hvort þeir taka ekki þátt í neinu skipulögðu félags- eða tómstundastarfi. Þegar svörin eru skoðuð eftir kynjum kemur í ljós að munurinn er það lítill að hann er ekki marktækur og bendir það til að báðum kynjum bjóðist eitthvað við sitt hæfi.

Í yngri deildunum er nokkuð margir svarenda sem merkja við „veit ekki“, hugsanlega vegna þess að þeir eru ekki vissir um hvað átt er við með fullyrðingunni. Ef borið er saman við niðurstöður úr hliðstæðum spurningum í könnuninni 2003, þá eru það nokkuð fleiri sem segjast oft eða stundum taka þátt í félags- eða tómstundastarfi nú, en kom fram í könnuninni 2003. Hér þarf einnig að hafa í huga að spurningarnar eru ekki settar fram á sama hátt í þessum tveimur könnunum.

Með hliðsjón af því að nemendurnir mynda einnig margskonar önnur félagsleg tengsl utan skólans þá virðist þátttaka nemenda í félagsstarfi í skólanum umtalsverð.

Einelti í skólanum

Einungis var spurt um einelti hjá unglingadeildunum, hvort nemendur teldu sig verða fyrir einelti í skólanum af hálfu samnemenda eða starfsfólks. Það er forvitnilegt að sjá að svarendur telja einelti af hálfu nemenda frekar sjaldgæft en helmingi fleiri svara því til að þeir hafi oft orðið fyrir einelti í skólanum af hálfu starfsfólks.

Vitað er að mörkin á milli góðlátlegrar stríðni og þess sem kallað er einelti geta oft verið mjög óljós. Ef við göngum út frá því að svarendur telji að stríðnin sé komin út í einelti þegar þetta gerist mjög oft eða oft, þá má reikna með að þessi 4% samsvari um 1 nemanda í hverri bekkjardeild að meðaltali, sem svarendur telja að verði í raun fyrir

einelti frá samnemendum í einhverju mæli. Það er hins vegar meira áhyggjuefni ef nemendur upplifa mun meira einelti frá hendi starfsfólks skólanna og þá nauðsynlegt fyrir það að skoða þau mál nánar.

Hrós til nemenda

Ánægjulegt er að sjá að mikill meirhluti svarenda í yngri bekkjunum er sammála því að þeir fái hrós frá kennurum en hins vegar virðast nemendur sparari á að hrósa hver öðrum. Hjá unglingadeildunum kemur fram að nemendur telja að foreldrar þeirra séu lang duglegastir við að hrósa þeim þegar þeir eigi það skilið, næst komi kennararnir og síst fái þeir hrós frá samnemendum. Athyglisvert er, í ljósi þess að oft er kvartað undan því að kennarar hrósi ekki nemendum, að nærri 90% nemenda segjast oft eða stundum fá hrós frá kennurum þegar þeim finnst þeir eiga það skilið. Það bendir vissulega til þess að kennarar eru vel þess vitandi hversu hrós er mikilvægt í að byggja upp traust og jákvæða sjálfsmynd nemenda.

Viðhorf foreldra

Í niðurstöðum kemur fram að flestir svarendur, eða 78% þeirra, eru sammála því að foreldrar þeirra hafi áhuga á samstarfi við skólann. Þegar svörin eru skoðuð eftir kynjum svarenda, þá kemur fram að strákararnir eru oftar ósammála eða 8% þeirra meðan þetta hlutfall hjá stelpunum er ekki nema tæp 6%. Munurinn er ekki mikill, og á mörkunum að vera marktækur.




Fylgiskjöl

1. Spurningalisti fyrir grunnskólanemendur í 4.–7. bekk
2. Spurningalisti fyrir grunnskólanemendur í 8.–10. bekk

Spurningalisti fyrir grunnskólanemendur í 4.–7. bekk

Ég er í: Brekkuskóla Glerárskóla Oddeyrarskóla Lundarskóla Síðuskóla Giljaskóla Hlíðarskóla Grunnskóla Hríseyjar
 Ég er í: 4. bekk 5. bekk 6. bekk 7. bekk Ég er: Drengur Stúlka

Vinsamlegast merktu við það andlit sem þér finnst lýsa best svari þínu.

Nr.	Fullyrðingar	 Sammála	 Hvorki sammála né ósammála	 Ósammála
1.	Mér líður vel í skólanum:			
2.	Ég á góða vini í skólanum:			
3.	Ég vil gjarnan ná góðum árangri í náminu:			
4.	Ég hef áhuga á flestu sem okkur er kennt í skólanum:			
5.	Ég get gert það sem ég á að gera í tímum:			
6.	Í kennslustundum er gott næði til að læra:			

7.	Ég fæ hjálp í tímum þegar ég þarf á að halda:			
8.	Mér finnst ég vinna vel í skólanum:			
9.	Ég vinn verkefni með öðrum nemendum:			
10.	Heimanámið er mátulegt:			
11.	Samskipti mín við aðra nemendur eru góð:			
12.	Samskipti mín við kennara eru góð:			
13.	Kennararnir bregðast fljótt við ef einhver er lagður í einelti:			
14.	Ég tala við umsjónarkennarann ef eitthvað er að:			
15.	Ég tala við annað starfsfólk ef eitthvað er að:			
16.	Ég tek þátt í félagsstarfi og/eða tómstundastarfi á vegum skólans:			
17.	Ég fæ stundum hrós frá samnemendum?			
18.	Ég fæ stundum hrós frá kennurum?			

Spurningalisti fyrir grunnskólanemendur í 8.–10. bekk

Ég er í: Brekkuskóla Glerárskóla Oddeyrarskóla Lundarskóla Síðuskóla Giljaskóla Hlíðarskóla Grunnskóla Hríseyjar

Ég er í: 8. bekk 9. bekk 10. bekk Ég er: Strákur Stelpa

Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum með því að merkja við hvort þú ert mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála eða mjög ósammála. Ef þú vilt koma á framfæri athugasemdum má skrifa í reitinn aftan við spurninguna.

Nr.	Spurningar	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Annað sem þú vilt að komi fram
1.	Hversu sammála ertu því að þú sért ánægð(ur) með skólann þinn?						
2.	Hversu sammála ertu því að viðhorf þitt til framhaldsnáms að loknum grunnskóla sé jákvætt?						
3.	Hversu sammála ertu því að kennsluaðferðir í skólanum séu fjölbreyttar?						
4.	Hversu sammála ertu því að þú eigir kost á stuðningi eða aðstoð innan skólans þegar þú þarft á að halda?						

5.	Hversu sammála ertu því að námsmat í skólanum sé fjölbreytt?						
6.	Hversu sammála ertu því að góður agi sé í bekknum?						
7.	Hversu sammála ertu því að þú reynir að standa þig vel í námi?						
8.	Hversu sammála ertu því að kennarar þínir hafi mikinn metnað fyrir hönd nemenda sinna?						
9.	Hversu sammála ertu því að foreldrar þínir sýni samstarfi við skólann áhuga?						
10.	Hversu sammála ertu því að skólinn geri kröfur um að þú náir góðum árangri í náminu?						
11.	Hversu sammála ertu því að kröfur kennaranna um reglulegt heimanám séu miklar?						
12.	Hversu sammála ertu því að kennarar þínir leggi áherslu á samvinnu nemenda?						
13.	Hversu sammála ertu því að markmið skólans séu nægilega skýr?						
14.	Hversu sammála ertu því að andinn í skólanum sé góður?						
15.	Hversu sammála ertu því að þú eigir góða vini í skólanum?						
16.	Hversu sammála ertu því að það sé gott að leita til umsjónarkennara þíns?						
17.	Hversu sammála ertu því að það sé gott að leita til annarra kennara?						

Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum með oft / stundum / aldrei

	Spurningar	Oft	Stundum	Aldrei	Annað sem þú vilt að komi fram.
18.	Finnst þér gaman í skólanum?				
19.	Hefur þú áhuga á því sem kennt er í skólanum?				
20.	Er góður vinnufriður í bekknum?				
21.	Tekur þú þátt í félagsstarfi og/eða tómsundastarfi sem skólinn býður upp á?				
22.	Líður þér vel í skólanum?				
23.	Hefur þú orðið fyrir einelti innan skólans af hálfu samnemenda á síðasta ári?				
24.	Hefur þú orðið fyrir einelti innan skólans af hálfu starfsmanna á síðasta ári?				
25.	Færð þú hrós fyrir vel unnin störf frá samnemendum þegar þér finnst þú eiga það skilið?				
26.	Færð þú hrós fyrir vel unnin störf frá kennurum þegar þér finnst þú eiga það skilið?				
27.	Færð þú hrós fyrir vel unnin störf frá foreldrum þínum þegar þér finnst þú eiga það skilið?				

28.	Finnst þér að námið sé þér erfitt?				
-----	------------------------------------	--	--	--	--